



Íþróttakademía



Grunnskóla Vestmannaeyja og ÍBV- íþróttafélags

Skólaárið 2019-2020 verður áttundi veturinn í samstarfsverkefni GRV og ÍBV-íþróttafélags á sviði íþróttar (Íþróttakademía). Þar verður boðið upp á tækni- og styrktaræfingar í viðkomandi grein. Styrktaræfingartímarnir verða einu sinni í viku og tækniæfingar verða í þremur 2-3 vikna lotum á skólaárinu í hverri grein.

Markmiðið með þessum æfingum er að auka tæknilega færni nemenda í sinni íþróttgrein og bæta líkamlegt ástand þeirra til að standa undir þeim kröfum sem íþróttir gera til iðkenda.

Auk þessa er stefnt að því að bjóða upp á einn fyrirlestur á hvorri önn þar sem fjallað verður um mataræði, rétt hugarfar, nauðsyn þess að lifa reglusömu lífi og ýmislegt fleira sem nýtist nemendum til að ná langt í íþróttum.

Þátttaka í íþróttakademíu GRV og ÍBV- íþróttafélags er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Nemendur þurfa að vera að æfa íþróttgreinina hjá ÍBV en þurfa ekki að vera með viðkomandi grein í vali utan skóla. Akademían verður að hluta til metin inn í stað íþróttatíma í töflu en nemendur munu þó sækja einn íþróttatíma á vegum skólans á skólaárinu.

Skráðu hvaða íþróttgrein/ar þú hefur áhuga á að stunda í akademíunni:

Nafn nemanda

Kennitala

Heimilisfang

Bekkur

Undirskrift forráðamanns

Umsóknarblaði á að skila á skrifstofu skólans fyrir föstudaginn 30. ágúst